



Dagsetning: 22. nóvember 2024  
Málsnúmer: 2411125/0.10.0

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

### um opnunartíma bæjarskrifstofu vegna breyting á viðveru á vinnustað

Nýir kjarasamningar kveða á um að virkur vinnutími eigi að miða við 36 stundir á viku og starfsmenn hafi val um að miða viðveru þeirra við virkan vinnutíma.

Vegna þess fór fram kosning meðal starfsmanna bæjarskrifstofu um hvort þeir vildu miða viðveru á vinnustað við 36 tíma í stað 38 tíma og 30 mínútna eins og verið hefur. Munurinn liggur í því að matartíminn sem nemur 2 tímum og 30 mínútum á viku er felldur niður. Áður var búið að semja um styttingu vinnutímans í verkefninu betri vinnutími sem nemur 65 mínútum á viku eða 13 mínútum á hverjum degi miðað við fullt starf. Fyrirkomulag á bæjarskrifstofu var að styttingu vinnutímans er safnað upp og tekin á 4 vikna fresti.

### Núverandi fyrirkomulag

	Mán	Þri	Mið	Fimmt	Föst	Alls
Upphaf vinnudags:	08:00	08:00	08:00	08:00	08:00	
Lok vinnudags:	15:55	15:55	15:55	15:55	15:55	
Stytting vinnutíma	00:13	00:13	00:13	00:13	00:13	
<b>Alls viðvera:</b>	<b>07:42</b>	<b>07:42</b>	<b>07:42</b>	<b>07:42</b>	<b>07:42</b>	<b>38:30</b>
Tekinn matartími:	00:30	00:30	00:30	00:30	00:30	
<b>Virkur vinnutími:</b>	<b>07:12</b>	<b>07:12</b>	<b>07:12</b>	<b>07:12</b>	<b>07:12</b>	<b>36:00</b>

### Tillaga að nýju fyrirkomulagi

	Mán	Þri	Mið	Fimmt	Föst	Alls
Upphaf vinnudags:	08:00	08:00	08:00	08:00	08:00	
Lok vinnudags:	16:00	16:00	16:00	16:00	12:00	
Stytting vinnutíma	00:00	00:00	00:00	00:00	00:00	
<b>Alls viðvera:</b>	<b>08:00</b>	<b>08:00</b>	<b>08:00</b>	<b>08:00</b>	<b>04:00</b>	<b>36:00</b>
Tekinn matartími:	00:00	00:00	00:00	00:00	00:00	
<b>Virkur vinnutími:</b>	<b>08:00</b>	<b>08:00</b>	<b>08:00</b>	<b>08:00</b>	<b>04:00</b>	<b>36:00</b>

Meirihlutinn valdi að viðvera á vinnustað yrði 36 tímar og matartíminn því felldur niður. Við val á hvor leiðin skyldi valin var tekið fram að með því að matarhlé yrði fellt niður yrði rekstri á mötuneyti hætt og í staðinn kæmi til greiðslu fæðispeninga.



Stytting vinnuvikunnar leiddi af sér að hluti starfsmanna var fjarverandi eftir hádegi á föstudögum og hefur því þjónusta bæjarskrifstofu verið takmörkuð eftir hádegi um nokkurn tíma vegna fjarveru þeirra sem eiga þá styttingu.

Útfærsla opnunartíma skrifstofu var rædd á fundi stjórnenda þar sem lagt var til að hann yrði útfærður þannig að opnunartími skrifstofu yrði aðlagður að viðverðu. Núverandi opnunartími skrifstofu hefur verið alla virka daga milli kl. 10:00 og 16:00, skiptiborð lokað milli kl. 12:00 og 12:30. Tillagan er að opnunartími verði óbreyttur virka daga utan föstudags en þá loki bæjarskrifstofa kl. 12:00. Skiptiborð verði opið í hádeginu utan föstudagsins. Mötuneyti lagt niður og viðvera starfsmanna miðist við virkan vinnutíma sbr. skilgreiningu kjarasamninga.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

